

Skýrsla stjórnar

Glæra 1

Hröð samfélags- og tækniþróun er að breyta rekstri fyrirtækja í flestum atvinnugreinum. Ör þróun undanfarinna ára hefur breytt samskiptum fólks, kaupmáttaraukning hefur stuðlað að aukinni hagsæld, viðhorf til stórra samfélagsmála hafa breyst og framfarir í vísindum lengt líf fólks um allan heim. Breytingarnar hafa sett mark á íslenska og erlenda tryggingarþjónustu, sem stendur á tímamótum.

Glæra 2

VÍS hefur skýra sýn á hlutverk sitt í breyttum heimi. Við ætlum að þróast og breytast með samfélaginu og bjóða á hverjum tíma þjónustu í takt við þarfir viðskiptavina. Við ætlum að grípa þau tækifæri sem tækni framfarir og þróun leiða af sér. Við ætlum að byggja á reynslu síðustu 100 ára og taka þátt í að bæta líf okkar viðskiptavina. Við ætlum að vera eftirsóknarverður vinnustaður og sýna ábyrgð í rekstri.

Markmiðið er að VÍS verði **öflugt vátryggingafélag** sem standi keppinautum sínum **frammar**, veiti viðskiptavinum **framúrskarandi** þjónustu, sé **eftirsóknarverður** vinnustaður og skili eigendum sínum **sanngjörnum arði**.

Hugmyndir sem fyrir fáum árum þóttu fjarstæðukenndar eru nú orðnar að veruleika. Þær auðvelda neytendum lífið og skapa í leiðinni viðskiptatækifæri fyrir félag eins og VÍS, enda verður sífellt auðveldara fyrir fólk að nýta sér okkar þjónustu með þægilegum og einföldum hætti. Nær allir viðskiptavinir nota snjalltæki, sem sífellt verða snjallari og nýtast eigendum í leik og starfi.

Tæknibreytingarnar hafa hins vegar ekki dregið úr þörf notenda fyrir góða tryggingavernd og góða þjónustu. Þvert á móti sjáum við merki þess, að viðskiptavinir óski nú eftir meiri vernd en áður og áhuginn á frístundatryggingum, ferðatryggingum, heilsu- og líftryggingum sé að aukast. VÍS ætlar að uppfylla þessar óskir, rækta sambandið við viðskiptavina sína enn betur en áður, leggja áherslu á framúrskarandi þjónustu og freista þess að auka þannig tryggð viðskiptavina við fyrirtækið.

Glæra 3

Árið 2017 einkenndist af miklum breytingum í rekstri VÍS, eins og þessi mynd sýnir glögglega. Breytingar urðu á stjórn sem hefur starfað þétt og vel saman á undanförunni ári. Nýr forstjóri, Helgi Bjarnason kom til starfa um mitt árið og ráðist var í hnitmiðaða stefnumörkun. Í framhaldinu var skipulagi félagsins breytt, nýtt fólk kom til starfa og aðrir tóku á sig aukna ábyrgð. Stefna félagsins var skerpt í mikilvægum málum, megináhersla var lögð á tryggingareksturinn og innviðauppbýggingu en einnig var fjárfestingastarfsemin styrkt. Það má segja, að lykiláherslum hafi verið gert skýrari skil.

Glæra 4

Það er **skýlaus krafa** stjórnar VÍS að **tryggingareksturinn standi undir sér**, enda er óeðlilegt að fjárfestingatekjur borgi niður taprekstur af kjarnastarfsemi félagsins.

Nú er það til dæmis skýlaus krafa, að tryggingareksturinn standi undir sér enda er óeðlilegt til lengri tíma að fjárfestingatekjur borgi niður taprekstur af kjarnastarfsemi félagsins.

Það var ánægjulegt að sjá að á stuttum tíma náðist samsetta hlutfallið niður fyrir 100% og starfsfólk félagsins er samstíga í þeirri viðleitni að halda því þar. Í sögulegu samhengi er það metnaðarfullt markmið, en ef horft er til sambærilegra fyrirtækja í okkar nágrannalöndum er það fullkomlega raunhæft.

Glæra 5

Raunar er áhugavert að horfa til tryggingarfélaganna í Evrópu þar sem verulegur munur er á fjármagnsskipan íslenskra tryggingafélaga og þeirra evrópsku. T.d. er eiginfjárhlutfall þeirra íslensku mun hærra en þeirra evrópsku. Það er 35 til 41% hjá stærstu íslensku félögunum, á meðan hlutfallið hjá samanburðarfélögunum er allt niður í 7%, en það liggur við að maður geti talað um eðlismun á íslenskum og evrópskum tryggingafélögum.

Glæra 6

Það sama er uppi á teningnum þegar horft er til Norðurlandanna. Eigið fé íslensku tryggingafélaganna er um og yfir 35% á meðan þau norrænu eru nær 20% eiginfjárhlutfalli og þar fyrir neðan. Á móti er gjaldþol norrænu félaganna töluvert hærra sem endurspeglast í lægri áhættu í eignasafni norrænu tryggingafélaganna. Áhættan í rekstrinum öllum verður minni, og félagið betur í stakk búið til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum.

Glæra 7

Það er einnig mikill munur á eignasamsetningu íslensku tryggingarfélaganna og hinna Norrænu. Þau síðarnefndu eru með töluvert lægra hlutfall af sínum fjárfestingum í hlutabréfum og stærri hluti þeirra eigna í öruggari eignum.

Það má í raun segja að hér á landi hafi myndast séríslenskt módel, þar sem félögin minna frekar á fjárfestingarfélög með tryggingarstarfsemi sem aukagrein. Fyrir vikið hafa félögin sótt í áhættumeiri eignir til þess að skila viðunandi arðsemi á dýra fjármögnun í formi vikiðandi bréfa og hlutafjár.

Glæra 8

Verulegur munur er á fjármagnsskipan íslenskra tryggingarfélaganna og **norrænna**, sem búa fyrir vikið við **minni áhættu í rekstrinum**. Það kann að vera **tímabært** að VÍS kanni kosti þess að færa sig í átt að norræna módelinu.

Allt að einu, þá er verulegur munur á fjármagnsskipan norrænna og íslenskra tryggingafélaga og norræn tryggingafélög búa yfir töluvert minni áhættu í rekstrinum. Eigið fé þeirra er lægra og gjaldþolið meira. Það kann að vera tímabært að kanna vandlega kosti þess fyrir VÍS að færa sig í átt að þessu norræna módeli og aðgreina félagið frá hinum íslensku tryggingafélögunum sem áhættuminni fjárfestingarkost.

Glæra 9

Hér eru settar fram nokkrar mismunandi sviðsmyndir að breyttri fjármagnsskipan í félaginu og hvaða áhrif þær gætu haft á aðra þætti. Við höfum t.d. skoðað áhrifin af því að lækka eigið fé niður í 30%, 25% og 20%. Tilsvarandi eignir sem færu út á móti væru áhættumeiri eignir eins og hlutabréf sem haldið hefur verið á móti eigin fé.

Glæra 10

Vænt ávöxtun á eignasafninu færi sömuleiðis lakkandi eftir því sem hlutfall hlutabréfa í eignarsafni lækkar. Enginn afsláttur verður þó gefinn af kröfunni um góða ávöxtun fjárfestingaeigna og jákvæðan tryggingarekstur sem er grunnforsenda norræna módelisins. Við gerum áfram kröfu um að samsetta hlutfallið haldi áfram að þróast með jákvæðum hætti, enda ræður það miklu um arðsemina eins og þessi mynd sýnir.

Glæra 11

Þessar sviðsmyndir sýna okkur svart á hvítu hversu mikilvægt það er í rekstri fyrirtækja að sníða þeim rétta fjármagnsskipan. Með því að greiða til baka inngreitt hlutafé má sjá áhrifin á arðsemi eigin fjár félagsins og gjaldþol að gefnum ákveðnum árangri í tryggingarekstrinum og ávöxtun fjárfestingaeigna. Ég trúir því, að með réttri fjármagnsskipan geti félagið markað sér sérstöðu sem áhættu minni tryggingar- og fjárfestingarkostur, þar sem hagsmunir viðskiptavina, starfsmanna og eigenda fara saman.

Ákvarðanir af þessu tagi verða ekki teknar án samráðs við hluthafa. Með því að varpa þessum sviðsmyndum fram hér og nú vill stjórnin opna á samtal um fjármagnsskipanina. Þess ber að geta að allar hreyfingar á fjármagnsskipan taka tíma og eru háðar áframhaldandi árangri í tryggingarekstri. Allar ákvarðanir væru teknar með aðkomu hluthafa.

Glæra 12

Með innkomu erlendra fjárfesta hefur **fjárfestahópurinn** orðið **fjölbreyttari og kröfuharðari**.

Á síðustu árum hefur rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja tekið stakkaskiptum og aðstæður á fjármálamarkaði eru góðar. Efnahagskerfið hefur vaxið mikið en verðbólga haldist lág. Kaupmáttur hefur hækkað meira en dæmi eru um og skuldir heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs hafa lækkað. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að hafa augun á boltanum, móta skýra framtíðarsýn og byggja ákvarðanir á langtíamarkmiðum. Það hefur verið leiðarljós stjórnar VÍS og við fögnum þeim áhuga sem innlendir og erlendir fjárfestar hafa sýnt félaginu. Með innkomu erlendra fjárfesta hefur fjárfestahópurinn orðið fjölbreyttari og kröfuharðari, sem heldur stjórnendum félagsins við efnið.

Glæra 13

Við erum ánægð með afkomu ársins 2017, en það er okkar markmið að bæta rekstrarárangurinn frá ári til árs og skila eigendum VÍS sanngjörnum arði af fjárfestingu sinni. Félaginu hefur tekist vel til í rekstri, en einnig höfum við lagt okkur fram við að miðla til markaðarins upplýsingum um félagið sem við teljum að nýtist fjárfestum og markaðsaðilum. Saman hafa þessir þættir aukið tiltrú fjárfesta á félaginu okkar, sem ég tel reyndar að eigi ennþá mikið inni.

Glæra 14

VÍS ætlar sér og hefur alla burði til að vera leiðandi aðili á íslenskum tryggingamarkaði. Félagið hvílir á traustum grunni og innviðirnir eru sterkir. Starfsfólkið er reynslumikið, vöru- og þjónustuúrvalið er fjölbreytt og viðskiptamannahópurinn stór. Á liðnu starfsári voru allir þessir þættir eflir. Við erum hvergi nærri hætt og á þessu ári ætlum við að gera enn betur en á því síðasta. Ég vil þakka starfsfólki VÍS og meðstjórnendum mínum í stjórninni fyrir samstarfið á síðasta ári. Við göngum einbeitt inn í nýtt rekstrarár. Við finnum fyrir meðbyr og við sjáum tækifæri á markaðnum.

Við hlökkum til að grípa þau.

